

Ed.

645. Lög

um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

(Afgreidd frá Ed. 30. mars).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Bæjarstjórn stýrir málefnum kaupstaðarins. Í henni eru kjörnir fulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

Samþykki meiri hluti kjósenda með leynilegri atkvæðagreiðslu, skal í stað bæjarfógeta kosinn bæjarstjóri til alt að 6 ára i senn, á sama hátt og bæjarfulltrúar. Hann skal launaður af bæjarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.